

## REGLUR

### **velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.**

#### I. KAFLI **Almennt.**

1. gr.

*Markmið og grundvöllur.*

Markmið reglna þessara er að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir, sbr. fjáraukalög nr. 26/2020 og nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Reglur þessar byggjast á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins sem gefnar voru út til að samræma úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum.

#### II. KAFLI **Umsókn og skilyrði.**

2. gr.

*Styrkur vegna íþróttá- og tómstundastarfss.*

Miða skal við að íþróttá- og tómstundiðkun fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Styrkur vegna kostnaðar við íþróttá- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021 getur numið allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Styrkir samkvæmt reglum þessum skulu veittir í samræmi við þau skilyrði sem gilda um frístundakort Reykjavíkurborgar, sbr. reglur um frístundakort sem samþykktar voru á fundi íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur þann 3. febrúar 2017. Þó eru frístundaheimili og sumarnámskeið undanskilin. Einungis skal veita styrki samkvæmt reglum þessum vegna íþróttá- og tómstundastarf hjá þeim samtökum sem eru viðurkenndir aðilar að frístundakorti Reykjavíkurborgar, sbr. fyrrgreindar reglur.

3. gr.

*Umsókn.*

Umsókn skal gerð með rafrænum hætti í gegn um Ísland.is og/eða á vef Reykjavíkurborgar. Staðfesta skal rafræna umsókn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli umsækjanda. Ekki er gerð krafra um undirritun þegar umsókn er gerð með rafrænum hætti.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2021.

4. gr.

*Skilyrði.*

Til þess að eiga rétt á styrk vegna íþróttá- og tómstundastarfss samkvæmt reglum þessum þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Reykjavíkurborg.
- Barn umsækjanda skal fætt á árunum 2005 til 2014 og eiga lögheimili hjá umsækjanda.
- Barn umsækjanda skal eiga lögheimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Til þess að hægt sé að ljúka greiðslu vegna styrks samkvæmt reglum þessum skal framvísa kvittun frá aðildarfélagi frístundakorts Reykjavíkurborgar fyrir 1. maí 2021. Á kvittun skal koma fram nafn og kennitala viðkomandi barns, hvaða íþróttá- og tómstundastarf er um að ræða, dagsetning og upphæð.

**III. KAFLI**  
**Málsmeðferð og gildistaka.**

5. gr.

*Málsmeðferð.*

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og málsmeðferðarreglur í V. kafla reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, eftir því sem við á.

6. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málsögum er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

7. gr.

*Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast áfrýjunarnefnd velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

8. gr.

*Heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar  
til að veita undanþágu frá reglum þessum.*

Áfrýjunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

9. gr.

*Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála.*

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs.

10. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með stoð í VI. kafla laga um félagsþjónustu, nr. 40/1991, og byggjast á leiðbeiningum sem gefnar voru út af félagsmálaráðuneytinu til að samræma úthlutun sérstakra íþróttastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Nr. 315

11. mars 2021

Reglur þessar öðlast þegar gildi og gilda til 10. júní 2021. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 1330/2020 um sama efni.

*Borgarstjórin i Reykjavík, 11. mars 2021.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2021